

8. Félagsmálanefndar haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði, föstudaginn 9. desember 2011 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Puríður G. Ingimundardóttir (PGI), Heba Harðardóttir, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir, Elísabet Kjartansdóttir, Elsa Reimarsdóttir, Pálína Kristín Hermannsdóttir (PKH),

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, félagsmálastjóri.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. 1112029 - Fjárhagsaðstoð

Upphæð fjárhagsaðstoðar tekur breytingum miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2012.

2. 1112030 - Félagsleg heimþjónusta

Allir umsækjendur frá síðasta fundi komnir með þjónustu.

3. 1112024 - Reglur um liðveislu fyrir fólk með fatlanir

Lagðar fram til samþykktar. Samþykktar samhljóða.

4. 1112023 - Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur. Jafnréttisstefna og aðgerðaráætlun 2012-2014.

Lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

5. 1112026 - Reglur um skammtímavistun

Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtímavistun og verklag. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Lagðar fram til samþykktar. Samþykktar samhljóða.

Eftirfarandi bókun frá 13. fundi BsVest einnig lögð fram til samþykktar: Bókunin í heild sinni hljóðar svo og ber að fylgja reglum skammtímavistunar á Vestfjörðum.

Verkefnahópur BsVest telur mikilvægt að sú þjónusta skammtímavistunar sem samþykkt hefur verið til 31. maí 2012 standi óbreytt til þess tíma, en verði þá tekin til endurskoðunar. Í dag eru börn í skammtímavistun á Ísafirði, að fá þjónustu sem fellur ekki að nýjum reglum um þjónustu skammtímavistunar. Gert er ráð fyrir að reglur um skammtímavistun taki gildi 1. janúar 2012 en sú þjónusta sem samþykkt hefur verið standi óbreytt til 31. maí 2012 og verði þá tekin til endurskoðunar. Gert er ráð fyrir, að fyrir þann tíma verði lokið við að gera tímasetta áætlun um framtíðarþjónustu fyrir þessi börn sem verður hægt að vinna eftir. Með þessum hætti verði komin á

samfella í þjónustunni, frá skammtímvistun til búsetuþjónustu.

Lagt fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

6. 1112033 - Umsókn um skammtímvistun.

Samþykkt samhljóða.

7. 1112025 - Fundargerðir BsVest nr. 11, 12 og 13.

Fundargerðir 9.-10 fundar sem lágu fyrir frá 6. fundi Félagsmálanefndar samþykktar. Fundargerðir 11, 12 og 13 lagðar fram til samþykktar og samþykktar samhljóða.

8. 1111027 - Öryggibarna hjá Dagforeldrum: Framkvæmd reglugerðar

Bréf frá Velferðarráðuneyti lagt fram til kynningar.

9. 1112021 - Beiðni um samvinnu félagsþjónustu og Útlendingastofnunar vegna þeirra erlendu ríkisborgara sem hér eru utan þjóðskrár og þurfa á aðstoð að halda

Bréf frá Útlendingastofnun lagt fram til kynningar.

10. 1112031 - Kynning á þjónustu við fatlaða

Forsendur kostnaðarútreikninga og kostnaðarskiptingar á milli þjónustusvæða varðandi málefni fatlaðs fólks á Íslandi fyrir árið 2012.

Lagt fram til kynningar.

11. 1112027 - Access Iceland

Aðgengismerkjakerfi Access Iceland er gagnagrunnur sem skráir og birtir upplýsingar um mannvirki bæði innan- og utandyra sem og útivistarsvæði. Gagnagrunnurinn er sameiginlegur fyrir fleiri lönd, t.d. Danmörku, Svíþjóð og Möltu. Notendurnir geta valið að birta upplýsingar á 5 tungumálum. Aðgengismerkjakerfið byggist upp á 7 merkjum sem öll hafa lágmarksviðmið sem þarf að uppfylla til að aðgengi geti talist fullnægjandi. Lágmarksviðmiðin eru byggð á mannvirkjalögum, byggingarreglugerð og viðmiðunum sem hagsmunasamtök fatlaðra hafa sett sér.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:35.

8. Félagsmálanefndar
9. janúar 2012

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>